



FUNDARGERÐ STJÓRNAR GOLFKLÚBBS SELFOSS

Fundardagur: 16.01.2020
Tími: 19:30-21:00
Fundarstaður: Golfskálinn Svarfhólsvelli
Viðstödd: Páll Sveinsson, formaður
Bjarki Már Magnússon, varaformaður
Helena Guðmundsdóttir, gjaldkeri
Ástfríður M. Sigurðardóttir
Halldór Ágústsson Morthens
Vignir Egill Vigfússon
Svanur Bjarnason, ritari
Hlynur Geir Hjartarson, framkvæmdastjóri

Málefni sem voru rædd:

- 1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.**
- 2. Opnun hússins, staðan og hvað er framundan.** Húsið var opnað laugardaginn 11. janúar sl. Lokaúttekt gagnvart byggingarfulltrúa mun fara fram í næstu viku. Utanhúss frágangur mun klárast í vor. Aðgangsstýring verður sett upp fljótlega.
- 3. Launamál starfsmanna.** Málin rædd en engar breytingar að sinni.
- 4. Fundur með nefndum laugardaginn n.k.** Fundur fyrirhugaður með nefndarfólki nk. laugardag.
- 5. Æfingar vetrarins/púttmótaröð.** Æfingar hópa eru að hefjast í næstu viku. Púttmótaröð hefst nk. laugardag.
- 6. Staða fjármála/innheimta félagsgjalda.** Innheimta félagsgjalda gengur vel. Um 17% félagsmanna hafa greitt árgjaldið. Sala korta í herminn hefur einnig gengið vel. Staða fjármála er samkvæmt áætlun. Samþykkt var að taka 30 m.kr, fasteignalán til 20 ára óverðtryggt.
- 7. Árshátíð GOS.** Stefnt að árshátíð í lok mars. Félaganefnd sér um undirbúning.
- 8. Staða framkvæmda.** Edwin Roald golfvallarhönnuður er að vinna að hönnun þriggja til fjögurra brauta til norðurs upp með ánni. Unnið er við stækkun bílastæða þessa dagana. Að því loknu verður hægt að keyra efni í manir meðfram 9. braut og vestan og sunnan þessara bílastæða.
- 9. Fundaplan ársins.** Stefnt að næstu fundum miðvikudaginn 5. febrúar, 5. mars, 2. apríl, 7. maí og 4. júní kl. 19:30 með fyrirvara um breytingar.
- 10 Tækjamál,** framkvæmdastjóri leggur til kaup á nýrri brautarsláttuvél. Vélin er notuð innflutt frá USA. Árg. 2014. Núverandi vél er árg. 2006. Vinnubíll (Cushman) er kominn á tíma líka. Verður til skoðunar áfram.
- 11. Önnur mál.**
 - Útbúin verður skíðagöngubraut þegar aðstæður fyrir það skapast.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sb